



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

stjornarradid.is

Umboðsmaður barna
Salvör Nordal

Reykjavík 15. maí 2023
Tilv.: MRN22110126/14.20.3

Efni:
Lýðræðisleg þátttaka ungmenna í framhaldsskólum

Vísað er til erindis setts umboðsmanns barna dags. 17. nóvember 2022 þar sem umboðsmaður barna hvetur mennta- og barnamálaráðherra til þess að taka til skoðunar, hvernig hvetja megi ungmenni til frekari lýðræðislegrar þátttöku og styðja við hana, sem hluti af alhliða menntun þeirra sem hefur auk þess ótvírætt samfélagslegt gildi. Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á að svara erindinu.

Samfélagsleg verkefni sem hafa það að markmiði að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks falla vel að einum grunnþætti aðalnámskrár framhaldsskóla sem er „Lýðræði og mannréttindi“. Grunnþættirnir eru fyrirmæli um allt skólastarf og eiga að fléttast inn í allt starfið s.s. inntak náms og starfshætti. Í anda þess eru allir skólar með margháttuð verkefni og námskeið sem taka mið af efnisatriðum sem koma fram í fyrirspurn um samfélagsleg verkefni sem hafa það að markmiði að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks, mörg þeirra í nánú samstarfi við helstu félagssamtök á þessu sviði. Skólum er heimilt að útfæra slíkt með ýmsum hætti, líkt og með undanþágu frá skólasóknarreglum, hliðrun á námi eða skipulögð námskeið til eininga. Dæmi um slíkt er námskeiðið Björgunarmaður bjö2a05 sem Menntaskólinn á Tröllaskaga býður upp á og er grunnnám fyrir fólk sem vill starfa í björgunarsveit.

Framhaldsskólar starfa á grundvelli laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 og aðalnámskrá framhaldsskóla sem mennta- og barnamálaráðherra setur með vísan í 1. mgr. 21. gr. laga um framhaldsskóla. Í henni er nánar kveðið á um markmið og fyrirkomulag skólastarfs á framhaldsskólastigi sem sýnir að skólarnir hafa mikið sjálfræði og skipuleggja m.a. sjálfir sínar skólasóknarreglur. Skólar hafa því ákveðið frjálsrcæði þegar kemur að mótun þeirra en rannsóknir sýna að jákvæð fylgni er á milli mætingar og árangurs nemenda. Skólasóknarreglur gegna m.a. því hlutverki að veita nemendum aðhald ásamt því að gefa skólanum tækifæri til þess að fylgjast með stöðu nemenda og bregðast við í tíma ef út af bregður.

Samkvæmt 12. kafla aðalnámskrár skal hver framhaldsskóli gefa út skólanámskrá þar sem fjallað er um stefnu skólans og framtíðarsýn auk sérstöðu hans eða sérstakar áherslur. Í kafla 14.7 er kveðið á um megininntak skólaeigna og birtingu reglnanna í skólanámskrá þar sem m.a. kemur fram að reglurnar skulu geyma ákvæði um skólasókn, sbr. kafla 14.7.1. Skólum er því veitt ákveðið svigrúm til mótun skólasóknarreglna en sérstaklega er kveðið á um að við setningu reglna um skólasókn skuli taka sérstakt tillit til langveikra nemenda og nemenda sem eru tímabundið fjarverandi frá skóla vegna veikinda eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Sérstakar undanþágur frá aðalnámskrá má finna í 16. kafla aðalnámsskrár. Í kafla 16.2. er kveðið á um að komið skuli sérstaklega til móts við afreksfólk s.s. í íþróttum eða listum á þann hátt að fjarvera þeirra á námstíma vegna keppnis- og/eða æfingaferða reiknast ekki inn í skólasóknareinkunn þeirra og er það almennt gert í framhaldsskólum landsins. Þess utan koma margir skólar til móts við óskir nemenda um tilhliðrun í skólasókn og námi ef þeir starfa að öðrum mikilvægum samfélagslegum verkefnum. Mörg félagasamtök hafa enn fremur aðlagð verkefni sín fyrir ungt fólk að skólastarfi eins og kostur er.

Til að bregðast við hvatningu umboðsmanns barna setti mennta- og barnamálaráðuneyti fram vinsamleg tilmæli til skólameistara á framhaldsskólastigi á fundi ráðuneytisins með þeim þann 10. maí sl. að nemendum væri gefið svigrúm til þátttöku í lýðræðislegu starfi eins og kostur er. Tilmælunum var einnig fylgt eftir með bréfi til allra skólameistara sama dag.

Á grundvelli ofangreinds telur ráðuneytið að lög um framhaldsskóla og aðalnámskrá framhaldsskóla veiti skólum talsvert svigrúm til að gera nemendum kleift að taka þátt í samfélagslegum verkefnum, líkt og þátttöku í ungmennaráðum, án þess að það bitni á skólasóknareinkunn þeirra. Engu að síður telur ráðuneytið að skerpa megi á atriðum í 16. kafla aðalnámskrá hvað varðar kröfur um sérstakt tillit til skólasóknareinkunnar og er sú vinna þegar hafin innan ráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra


Þorsteinn Hjartarson


Anna María Gunnarsdóttir